

Sláturfélag Suðurlands svf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1. janúar - 30. júní 2018

Sláturfélag Suðurlands svf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1. janúar - 30. júní 2018

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit yfir eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-18

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda Sláturfélags Suðurlands svf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutauppgjör, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2018, efnahag hennar 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34.

Kópavogur, 23. ágúst 2018

Deloitte ehf.

Halldór Arason
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, sem fjallar um árshlutauppgjör, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjagarð hf. og Holtt og gott ehf. sem Sláturfélag Suðurlands á að fullu. Fjárhæðir í árshlutareikningnum eru í þús.kr.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2018 81 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar í lok júní 2018 8.874 millj.kr., bókfært eigið fé í lok júní 2017 er 5.234 millj.kr. og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 59%.

Að álit stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í lok júní 2018, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2018. Einnig að árshlutareikningurinn geymi yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. hafa í dag rætt samandreginn árshlutareikning samstæðu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2018

Í stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson,
formaður

Kristinn Jónsson

Ingibjörg Daníelsdóttir

Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir

Sverrir Gíslason

Forstjóri

Steinþór Skúlason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar - 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1. - 30.6.	2017 1.1. - 30.6.
Rekstrartekjur	3	5.880.971	6.234.777
Aðrar tekjur		24.799	7.405
Vöru- og umbúðarnotkun		(2.980.898)	(3.424.238)
Laun og launatengd gjöld	4	(1.589.271)	(1.456.022)
Annar rekstrarkostnaður		(959.215)	(953.578)
Afskriftir	8	(210.064)	(198.591)
Rekstrarhagnaður		166.322	209.752
Fjármunatekjur	5	12.348	24.449
Fjármagnsgjöld	5	(76.651)	(76.619)
		(64.304)	(52.171)
Hagnaður fyrir skatta		102.019	157.581
Tekjuskattur	6	(21.182)	(28.552)
Heildarhagnaður tímabilsins		80.836	129.029
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hlut	7	0,15	0,25

Efnahagsreikningur 30. júní 2018

Eignir

Skýr. 30.06.2018 31.12.2017

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir	8	5.737.119	5.539.341
Eignarhlutar í félögum		13.150	13.150
		<u>5.750.268</u>	<u>5.552.491</u>

Veltufjármunir

Vörubirgðir	10	1.375.609	1.662.493
Viðskiptakröfur	11	1.608.632	1.186.627
Aðrar skammtímakröfur	12	124.589	67.527
Handbært fé	13	14.541	155.866
		<u>3.123.372</u>	<u>3.072.513</u>
Eignir		<u>8.873.640</u>	<u>8.625.004</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

14

Stofnsjóður A-deild		356.983	349.814
Stofnsjóður B-deild		180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		137.454	137.454
Sérstakur endurmatsreikningur		1.364.942	1.401.246
Óráðstafað eigið fé		3.035.695	2.953.481
Eigið fé		<u>5.234.260</u>	<u>5.181.181</u>

Langtímaskuldir og skuldbindingar

Langtímaskuldir	15	1.765.204	1.624.066
Tekjuskattsskuldbinding	6	461.298	449.410
		<u>2.226.502</u>	<u>2.073.476</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	16	551.637	469.654
Skuldir við lánastofnanir		234.144	130.903
Aðrar skuldbindingar	17	15.814	92.463
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	77.272	84.502
Ógreiddir reiknaðir skattar	6	9.295	23.477
Aðrar skammtímaskuldir	19	524.715	569.348
		<u>1.412.877</u>	<u>1.370.347</u>
Skuldir		<u>3.639.380</u>	<u>3.443.823</u>
Eigið fé og skuldir		<u>8.873.640</u>	<u>8.625.004</u>

Yfirlit yfir eigið fé 1. janúar - 30. júní 2018

Eigið fé

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Sérstakur endurmatsr.	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 01.01.2017	340.551	180.074	159.111	135.138	1.237.388	2.901.814	4.954.076
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	3.342						3.342
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(12.330)						(12.330)
Vextir v. stofnsjóðs A-deildar	17.004					(17.004)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta A-stofnsj.	(3.401)						(3.401)
Arður v. stofnsjóðs B-deildar						(21.789)	(21.789)
Endurmat fasteigna dótturfélaga					95.873		95.873
Sérstakt endurmat millifært					(16.353)	16.353	0
Heildarhagnaður jan. - júní 2017						129.029	129.029
Millifært á annað bundið eigið fé					26.744	(26.744)	0
Eigið fé 30.06.2017	345.166	180.074	159.111	135.138	1.343.652	2.981.659	5.144.800
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	6.560						6.560
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(1.912)						(1.912)
Endurmat fasteigna dótturfélaga					643		643
Sérstakt endurmat millifært					(5.875)	5.875	0
Heildarhagnaður júlí - des. 2017						31.088	31.088
Millifært á annað bundið eigið fé					62.826	(62.826)	0
Tillag í lögbundinn varasjóð				2.316		(2.316)	0
Eigið fé 31.12.2017	349.815	180.074	159.111	137.454	1.401.246	2.953.481	5.181.180
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	3.152						3.152
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(6.750)						(6.750)
Vextir v. stofnsjóðs A-deildar	13.803					(13.803)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta A-stofnsj.	(3.037)						(3.037)
Arður v. stofnsjóðs B-deildar						(21.123)	(21.123)
Sérstakt endurmat millifært					(24.349)	24.349	0
Heildarhagnaður jan. - júní 2018						80.836	80.837
Millifært á annað bundið eigið fé					(11.955)	11.955	0
Eigið fé 30.06.2018	356.983	180.074	159.111	137.454	1.364.942	3.035.695	5.234.260

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1. - 30.6.	2017 1.1. - 30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		166.322	209.752
Afskriftir	8	210.064	198.591
Söluhagnaður fastafjármuna		(1.738)	(3.348)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		374.649	404.995
Vörubirgðir, lækkun	10	286.884	394.075
Aðrar rekstrartengdar eignir, hækkun		(476.789)	(637.200)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		37.044	225.523
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		221.788	387.393
Innborgaðir vextir og arður		9.727	23.574
Greiddir vextir		(52.205)	(58.326)
Greiddir skattar	6	(23.477)	(8.817)
Handbært fé frá rekstri		155.834	343.824
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(496.149)	(518.896)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		13.396	6.993
		(482.753)	(511.903)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(396.890)	(48.358)
Nýjar langtímaskuldir		507.000	0
Hækkun skammtímaskulda við lánastofnanir		103.241	1.636
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	14	(6.634)	(12.389)
Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs	14	(21.123)	(21.789)
		185.594	(80.900)
Lækkun handbærs fjár		(141.325)	(248.979)
Handbært fé í upphafi árs		155.866	511.001
Handbært fé í lok tímabils		14.541	262.022

Skýringar

1. Starfsemi

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2018 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélaga og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Dótturfélög Sláturfélags Suðurlands svf. eru tvö. Reykjarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Holtt og gott ehf. er í framleiðslu og sölu á salati og grænmetisvörum og er starfstöð félagsins í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Alþjóðlegur reikningsskilastaðall IAS 34

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, sem fjallar um árshlutareikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi félagsins og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017. Ársreikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2017 má finna á heimasíðu félagsins www.ss.is.

2.2 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerðir eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

2.3 Nýir og endurbættir staðla

Tveir nýir reikningsskilastaðlar, IFRS 9 Fjármálagerðir og IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum tóku gildi í

IFRS 9 leysir af hólmi IAS 39 og fjallar um reikningshaldslega meðferð fjármálagerðinga og tilgreinir kröfur um skráningu og mat, virðisrýrnun, afskráningu og almenn áhættuvarnarreikningsskil. Áhrifa staðalsins á reikningsskilin gætir aðeins á niðurfærslu fjáreigna vegna nýrra reglna um mat á virðisrýrnun. Þau áhrif eru hinsvegar óveruleg.

IFRS 15 leysir af hólmi IAS 18, IAS 11 og tengdar túlkanir, og inniheldur nýjar reglur um skráningu tekna og auknar kröfur um upplýsingagjöf varðandi tekjuskráningu. Samkvæmt staðlinum skal skrá tekjur þegar yfirráð yfir hinu selda hafa verið flutt til kaupandans, í stað áhættu og ávinnings sem fyrri reglur horfðu til. Í staðlinum er sett fram fimm þrepa líkan til leiðbeiningar. Tekjur samstæðunnar samanstanda af vörusölu þar sem tekjur eru skráðar við afhendingu vöru er yfirráð yfir hinu selda flytjast til viðskiptavinar. Innleiðing staðalsins hefur ekki áhrif á tekjuskráningu samstæðunnar, en kallar á auknar upplýsingar í skýringum.

2.4 Samstæða

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar tekur til árs hlutareikninga móðurfélagsins og dótturfélaga. Dótturfélög eru þau félög sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan:

- hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni,
- ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og
- getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort að yfirráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að sölu degi eftir því sem við á.

Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar að nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskila.

Breytingar á eignarhlut í dótturfélögum

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi án þess að móðurfélag missi yfirráð eru færðar meðal eigin fjár. Viðeigandi breytingar eru gerðar á eignarhluta móðurfélags og minnihluta svo hlutdeild endurspegli réttan eignarhlut hvors aðila. Mismunur á bókfærðu verði eignarhluta minnihlutans sem breytist og gangvirðis gagngjaldsins er færður meðal eigin fjár.

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi sem verða til þess að móðurfélag missir yfirráð eru færðar í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap er reiknað sem mismunur á gangvirði gagngjaldsins að viðbættu gangvirði eftirstæðs hluta að frádregnu bókfærðu verði eigna og skulda dótturfélagsins og hlutdeildar minnihluta. Þegar eignir dótturfélagsins eru færðar á endurmetnu verði eða gangvirði er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært hefur verið í yfirlit um aðra heildarafkomu endurflokkað yfir í rekstrarreikning eða á óráðstafað eigið fé eftir því sem við á. Eftirstæður eignarhlutur er í upphafi færður á gangvirði á þeim degi sem móðurfélagið missir yfirráð í samræmi við IAS 39 eða eftir því sem við á, á kostnaðarverði ef um er að ræða hlutdeildarfélag eða félag sem lýtur sameiginlegri stjórn.

2.5 Tekjur

Tekjur af vörusölu og veittri þjónustu eru skráðar þegar yfirráð yfir hinu selda hafa verið flutt til viðskiptavinar.

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á því tímabili sem úthlutun er samþykkt. Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvírðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Leigutekjur

Sjá umfjöllun í skýringu 2.5.

2.6 Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar.

Samstæðan sem leigusali

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum eru færðar línulega yfir samningstímann. Kostnaði sem tengist beint samningum og umsýslu vegna rekstrarleigu er bætt við bókfært verð hinnar leigðu eignar og hann er svo gjaldfærður línulega á leigutímanum. Samstæðan er ekki aðili að fjármögnunarleigusamningum sem leigusali.

Samstæðan sem leigutaki

Eignir samkvæmt fjármögnunarleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna á því sem lægra reynist af gangvirði þeirra á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna. Samsvarandi skuld við leigusala er færð í efnahagsreikning.

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar línulega yfir samningstímann. Leiguhvatar vegna rekstrarleigusamninga eru tekjufærðir línulega yfir samningstímann.

2.7 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli samstæðunnar á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Ópeningalegar eignir sem færðar eru á sögulegu kostnaðarverði eru ekki uppfærðar vegna gengisbreytinga. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

2.8 Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til miðað við aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður og færður í rekstrarreikning á líftíma lána miðað við virka vexti.

2.9 Tekjuskattur

Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigin fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigin fé. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar fjárhagsársins.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestur tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu viðskiptavildar.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

2.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir til eigin nota eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning. Eignir í fjármögnunarleigu eru afskrifaðar línulega á samningstíma þeirra eða nýtingartíma, hvort sem styttra reynist, nema líklegt þyki að samstæðan muni eignast eignina í lok leigutímans. Lóðir og lönd eru ekki afskrifuð. Upplýsingar um áætlaðan nýtingartíma eigna má finna í skýringu 8.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna telst mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem salan á sér stað.

2.11. Eignarhluti í öðrum félögum

Eignarhluti í öðrum félögum er færður til eigna á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga.

2.12 Virðisrýrnun efnislegra eigna annarra en viðskiptavildar

Samstæðan metur á reikningsskiladegi hvort vísbendingar séu til staðar um að efnislegar eignir séu virðisrýrðar. Ef slíkar vísbendingar eru fyrir hendi metur samstæðan endurheimtanleg virði viðkomandi eignar til að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er). Ef ekki reynist unnt að meta endurheimtanlegt virði einstaka eigna, er endurheimtanlegt virði minnstu aðgreinanlegu sjóðskapandi einingar sem viðkomandi eign tilheyrir metið.

Endurheimtanlegt virði er gangvirði eignar að frádregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði hennar í rekstri, hvort heldur sem hærra reynist. Ef endurheimtanlegt virði eignar (eða sjóðskapandi einingar) er metið vera lægra en bókfært verð, er bókfært verð fært niður í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning nema eignin sé færð samkvæmt endurmatsaðferð. Heimilt er að bakfæra virðisrýrnun á síðari stigum, en þó aldrei umfram bókfært verð viðkomandi eignar (eða sjóðskapandi einingar) hefði virðisrýrnun ekki verið færð.

2.13 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðum í söluhæft ástand. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætludum sölukostnaði. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætludum sölukostnaði.

2.14 Fjáreignir

Fjáreignir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun.

Virkir vextir

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir fjáreignir aðrar en þær sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikningi, þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

Skýringar

2.15 Fjárskuldir

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

2.16 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

2.17 Reikningshaldslegt mat

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á sögulegum gögnum og öðrum viðeigandi þáttum. Endanleg niðurstaða kann að vera frábrugðin þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrif breytinga á reikningshaldslegu mati eru færð á því tímabili sem að matið er endurskoðað og síðari tímabilum ef við á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnmenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í árshlutareikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 8 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna
- Skýring 10 - mat á niðurfærslu birgða
- Skýring 11 - mat á niðurfærslu viðskiptakrafna

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig eftir landsvæðum:

	1.1. - 30.6.18	1.1. - 30.6.17
Sala innanlands	5.659.834	6.000.253
Sala erlendis	221.137	234.524
	<u>5.880.971</u>	<u>6.234.777</u>

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur auk bænda, skóla og mötuneyta. Sala erlendis hefur að mestu verið útflutningur til landa eins og Bretlands, Spánar, Japan, Sviss og Þýskalands.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	1.1. - 30.6.18	1.1. - 30.6.17
Laun	1.210.417	1.150.996
Lífeyrissjóður	139.531	114.399
Önnur launatengd gjöld	183.478	135.036
Annar starfsmannakostnaður	55.846	55.591
	<u>1.589.271</u>	<u>1.456.022</u>

Skýringar

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	1.1. - 30.6.18	1.1. - 30.6.17
Vaxtatekjur og verðbætur af innstæðum, lánum og kröfum	9.051	20.842
Arðstekjur.....	861	1.895
Aðrar vaxtatekjur	2.436	1.712
	<u>12.348</u>	<u>24.449</u>
 Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(9.386)	(4.451)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum.....	(65.879)	(59.778)
Gengismunur.....	(550)	(8.683)
Önnur vaxtagjöld	(836)	(3.708)
	<u>(76.651)</u>	<u>(76.619)</u>

6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 21,2 millj.kr. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	1.1. - 30.6.18	1.1. - 30.6.17
Hagnaður fyrir skatta	102.019	157.581
Skatthlutfall	20.404	31.516
Leiðrétt tekjuskattsskuldbinding f.f. árum	3.468	720
Fenginn arður	(172)	(379)
Aðrir liðir	(2.518)	(3.305)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>21.182</u>	<u>28.552</u>
Virkt tekjuskattshlutfall.....	20,8%	18,1%

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Staða í ársbyrjun.....	(449.410)	(412.420)
Tekjuskattsskuldbinding l. f.f. ári.....	(3.468)	(720)
Reiknaður tekjuskattur vegna sérstakst endurmats 2018 /2017.....	0	(24.129)
Reiknaður tekjuskattur vegna jan. - júní 2018 / 2017.....	(17.714)	(35.617)
Tekjuskattur áætlaður til greiðslu 2019/2018.....	9.294	23.477
	<u>(461.298)</u>	<u>(449.410)</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(461.705)	(453.313)
Viðskiptakröfur og birgðir.....	(15.958)	(11.140)
Aðrir liðir.....	4.326	5.765
Ahrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi.....	12.040	9.278
	<u>(461.298)</u>	<u>(449.410)</u>

Skýringar

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut:	1.1. - 30.6.18	1.1. - 30.6.17
Hagnaður ársins á hlut.....	0,15	0,25
Þynntur hagnaður á hlut er sama hlutfall og hagnaður á hlut þar sem ekki er um neina hlutabréfavalrétti að ræða.		
Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:		
Heildarafkoma tímabilsins.....	80.836	129.029
Vegið meðaltal A- og B- deildar stofnsjóða.....	533.473	522.932

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni:	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Bifreiðar og flutningstæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. janúar 2017.....	6.045.760	2.608.425	401.711	9.055.896
Endurmat á eignum	120.645	0	0	120.645
Eignfært á árinu	463.483	422.553	62.195	948.231
Selt og aflagt á árinu	0	(8.443)	(58.506)	(66.949)
1. janúar 2018.....	6.629.888	3.022.535	405.400	10.057.823
Eignfært á tímabilinu	82.679	313.860	22.962	419.502
Selt og aflagt á tímabilinu	0	(64.484)	(29.098)	(93.582)
30. júní 2018.....	6.712.567	3.271.912	399.264	10.383.742
Afskriftir				
Staða 1. janúar 2017.....	2.552.127	1.382.548	238.728	4.173.403
Afskrift ársins	158.001	196.828	44.997	399.827
Selt og aflagt á árinu	0	(8.443)	(46.305)	(54.748)
1. janúar 2018.....	2.710.128	1.570.933	237.420	4.518.482
Afskrift tímabilsins	82.554	105.209	22.302	210.065
Selt og aflagt á tímabilinu	0	(64.484)	(17.439)	(81.923)
30. júní 2018.....	2.792.682	1.611.659	242.283	4.646.624
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun 2018	3.919.760	1.451.602	167.980	5.539.341
Bókfært verð 30.06.2018	3.919.885	1.660.253	156.981	5.737.118
Nýtingartími eigna	25-50 ár	5-17 ár	5-8 ár	

Meðal fasteigna eru lóðir að bókfærðu verði um 62 millj.kr. sem eru ekki afskrifaðar (2017: 62 millj.kr.).

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.845 millj.kr. í júnílok 2018 (2017: 1.709 millj. kr.). Bókfært verð þeirra eigna sem eru með veð og skuldbindingar eru um 4.737 millj.kr. (2017: 4.520 millj. kr.).

Á árinu 2008 voru fasteignir endurmetnar með hliðsjón af verðmati sem gert var af Ferli ehf., verkfræðistofu. Matið var byggt á útreikningum á endurkaupsverði að frádregnum afskriftum, en um sérhæfar eignir er að ræða. Á árinu 2016 voru eignirnar endurmetnar að nýju af Ferli ehf. og við það hækkaði virði eignanna um 284,6 millj. kr. Á árinu 2017 voru fasteign hjá Hollt og gott ehf. endurmetnar af Ferli ehf. og hækkaði virði eigna um 120,6 millj. kr.

Skýringar

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir	30.6.2018	31.12.2017
Endurmetið bókfært verð.....	3.919.885	3.919.760
Þar af áhrif sérstaks endurmats.....	(1.099.598)	(1.188.109)
Bókfært verð án áhrifa endurmats.....	2.820.287	2.731.651

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti eigna samstæðunnar greinist þannig:

	Fasteignamat 31.12.2017	Váttrygginga- 31.12.2017
Fasteignir og lóðir	3.660.852	9.587.643
Vélar og tæki, eignatryggingar		4.485.640
Aðrar lausafjártryggingar		342.209
Rekstrarstöðvunartrygging		3.917.761

9. Eignarhlutar í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

Nafn dótturfélags	Staðsetning	Eignarhluti	Atkvæðisréttur	Meginstarfsemi
Reykjagarður hf.....	Reykjavík/Hella	100%	100%	Framleiðsla og sala á kjúklingum
Hollt og gott ehf	Reykjavík	100%	100%	Framleiðsla og sala á salati

10. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:	30.06.2018	31.12.2017
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur.....	845.491	1.071.274
Áburður, fóður og plast.....	302.290	199.990
Rekstrarvörur.....	126.917	127.796
Ýmsar vörur.....	100.911	263.433
	1.375.609	1.662.493
Tryggingaverðmæti birgða	1.375.609	1.665.074

Vörubirgðir í júní lok hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og meðtalin í gjaldfærslu birgða er niðurfærsla að fjárhæð 310 millj.kr. (2017: 341 millj.kr.).

Arion banki hf. er með veð í birgðum samstæðunnar að fjárhæð 858 millj.kr. (2017: 871 millj. kr.).

Skýringar

11. Viðskiptakröfur

Greining á viðskiptakröfum:	30.06.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptakröfur	1.655.699	1.223.155
Erlendar viðskiptakröfur	25.998	36.537
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(73.065)	(73.065)
	<u>1.608.632</u>	<u>1.186.627</u>

Arion banki hf. er með veð í viðskiptakröfum samstæðunnar að fjárhæð 701 millj.kr. (2017: 871 millj. kr.).

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	1.1. - 30.6.18	1.1. - 31.12.17
Staða í ársbyrjun	(73.065)	(90.406)
Tapaðar kröfur á árinu	13.957	11.795
Breyting á niðurfærslu á árinu.....	(13.957)	5.546
Staða í árslok	<u>(73.065)</u>	<u>(73.065)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og áætlaðra vöruskila. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

12. Aðrar skammtímakröfur

Greining á öðrum skammtímakröfum:	30.06.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	33.396	36.204
Fjármagnstekjuskattur.....	20.824	19.897
Virðisaukaskattur.....	110	0
Ógreiddir óinnheimtir vextir.....	1.901	0
Ofgreidd opinber gjöld.....	18.082	0
Aðrar kröfur.....	50.277	11.427
	<u>124.589</u>	<u>67.527</u>

13. Handbært fé

Við gerð yfirlits um sjóðstreymi, felur handbært fé í sér reiðufé og handbært fé á bankareikningum. Handbært fé sem fram kemur í yfirliti um sjóðstreymi samanstendur af eftirfarandi fjárhæðum:

	30.06.2018	31.12.2017
Bankainnstæður í íslenskum krónum	5.281	27.535
Bankainnstæður í erlendra mynt	9.129	128.099
Sjóður	131	231
	<u>14.541</u>	<u>155.866</u>

Skýringar

14. Hlutfé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Allt hlutfé í B-deild stofnsjóðs hefur verið greitt inn til félagsins. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundraðshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Stofnsjóður A-deildar kemur til útgreiðslu ef aðilar hætta búskap eða ná 70 ára aldri.

Stofnsjóður A-deildar greinist þannig:	1.1. - 30.6.18	1.1. - 31.12.17
Stofnsjóður í ársbyrjun.....	349.815	340.550
Stofnsjóðsinngreiðslur á tímabilinu.....	3.152	9.903
Stofnsjóðsútgreiðslur á tímabilinu.....	(6.750)	(14.242)
Reiknaðir vextir af A-deild stofnsjóðs - fjármagnstekjuskattur.....	10.766	13.603
	<u>356.983</u>	<u>349.815</u>

Stofnsjóður B-deildar greinist þannig:	Hlutfall	30.6.2018	31.12.2017
Heildarhlutfé í júní lok.....	100,0%	200.000	200.000
Eigin hlutir í júní lok.....	(9,96%)	(19.926)	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>	<u>180.074</u>

Á árinu 2018 var skv. ákvörðun aðalfundar félagsins að greiddur yrði arður vegna B-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 21,1 millj.kr. og reiknaðir vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs að fjárhæð 13,8 millj.kr. Nánari sundurliðun er á eiginfjárreikningum á bls. 6 í árshlutareikningnum.

15. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:	30.06.2018	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir.....	552.465	411.968
Skuldir við lífeyrissjóði.....	1.287.715	1.293.140
Skuldir við aðra.....	2.296	3.459
	<u>1.842.476</u>	<u>1.708.568</u>
Næsta árs afborganir.....	(77.272)	(84.502)
	<u>1.765.204</u>	<u>1.624.066</u>

Eignir samstæðunnar eru veðsettar vegna langtímaskuldar og áfallna vexta að fjárhæð 1.845 millj.kr. í júní lok 2018 (2017: 1.709 millj.kr.).

16. Viðskiptaskuldir

	30.06.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptaskuldir.....	501.462	431.493
Erlendar viðskiptaskuldir.....	50.176	38.161
	<u>551.637</u>	<u>469.654</u>

Skýringar

17. Aðrar skuldbindingar

	30.06.2018	31.12.2017
Skuld vegna fjárfestinga	15.814	92.463
	15.814	92.463

Sláturfélag Suðurlands svf. gerði á árinu 2017 samning um byggingu fasteigna á Hvolsvelli og hófust framkvæmdir á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki á árinu 2018.

18. Næsta árs afborganir langtímaskulda:

	30.06.2018	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir.....	28.822	37.752
Skuldir við lífeyrissjóði.....	46.114	44.444
Aðrar langtímaskuldir.....	2.336	2.306
	77.272	84.502

19. Aðrar skammtímaskuldir

	30.06.2018	31.12.2017
Ógreitt fyrir afurðir	21.619	23.766
Fyrirframinnheimtar tekjur	8.455	165.390
Ógreidd opinber gjöld	9.884	935
Ógreiddur VSK í tolli	95.332	62.327
Virðisaukaskattur	0	5.223
Ógreidd laun og launatengd gjöld	355.531	283.684
Ógreiddur arður	3.634	3.426
Ógreiddir áfallnir vextir	4.046	3.949
Aðrar skuldir	26.213	20.649
	524.715	569.348

20. Önnur mál

Arion banki er með veð í öllum eignum Reykjagarðs hf. vegna skulda þess félags við bankann.

21. Samþykki ársreiknings

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins og leyfður til birtingar þann 23. ágúst 2018.